Atvinnuvegaráðuneyti

Ísafirði 28. október 2026

Umsögn; Drög að frumvarpi til laga um stórþörungarækt í sjó. Mál í Samráðsgátt nr S 209/2026

Umsögn þessi er unnin af Vestfjarðarstofu fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga samkvæmt samningi aðila um framkvæmd verkefna Fjórðungssambandsins.

Fjórðungssamband Vestfirðinga lýsir í ánægju með að drög frumvarps um stórþörungarækt er nú komin fram, en í tengslum við umfjöllun um lög um Lagareldi á síðustu árum, hefur sambandið ítrekað kallað eftir lagasetningu um stórþörunganrækt.

Fjórðungssambandið telur að í stórþörungarækt felist mikil tækifæri fyrir landshluta eins og Vestfirði þar sem um þriðjungur strandlengju við Ísland liggur um svæðið og að landshlutinn njóti þeirra auðlinda sem eru á nærsvæði þess. Í Svæðisskipulagi Vestfjarða 2025-2050 segir m.a.

> Bláa hagkerfið er grunnstoð atvinnulífs Vestfjarða til framtíðar. Þar er ekki bara átt við fisk, heldur einnig þang, þara og kalkþörunga, iðnaðarframleiðslu og ferðaþjónustu tengda hafinu. Sérþekking vestfirsks samfélags byggir á nálægðinni við hafið og nýtingu þess. Þetta er helsti styrkleiki svæðisins og er frjósamur jarðvegur fyrir margs konar nýsköpun og breiða atvinnusköpun.
>
> Sérstaða svæðisins felst í nálægð við náttúruauðlindir, hreint vatn og ferskt hráefni. Þetta skapar mikil tækifæri til verðmætasköpunar og þróunar í vistvænni framleiðslu. Mikilvægt er að þessi tækifæri verði nýtt með sjálfbærni að leiðarljósi og í sátt við samfélagið og umhverfið.

Samspil við Landsskipulagsstefnu og gerð strandsvæðaskipulags.

Við uppbyggingu nýrrar atvinnugreinar leggur Fjórðungssambandið áherslu á að gæta jafnvægis umhverfis, atvinnulífs og samfélags með skipulagsvinnu og mikilvægt að í 5. gr er tilgreint hlutverk strandsvæðaskipulags við útgáfu rannsókna og rekstarleyfa.

Við Vestfirði er í gildi strandsvæðaskipulag sem nær frá Bjargtöngum að Straumnesi. Sveitarfélög á Vestfjörðum sem liggja að Breiðafirði hafa í samvinnu við önnur sveitarfélög við fjörðinn hafa myndað samráðshóp sem hefur m.a. stutt við tillögu í skýrslu um Framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar um gerð strandsvæðaskipulags við Breiðafjörð.

Landsskipulagsstefna forgangsraðar gerð strandsvæðaskipulags og í afgreiðslu þingsályktunar um Landsskipulagsstefnu nr 16/154, var í nefndaráliti tekið undir þá kröfu. Sveitarfélög á Vestfjörðum sem liggja að Húnaflóa, hafa einnig lýst áhuga á gerð strandsvæðaskipulags og vísað til verkefna á því svæði kræklingarækt, þörungarækt og eldisbúrum fyrir þorskeldi.

Vakin er hér síðan athygli á að í drögum frumvarpsins er ekki komið inn á markmiðssetningu né aðgerðir í Landsskipulagsstefnu er varða strandsvæðaskipulagsgerð né áhrif hennar á stjórnsýslu haf og strandsvæða. Vísa má til almennra markmiðsákvæða stefnunnar en einnig beinna aðgerða s.s. 8, 9, 10 og 11, því er beint til atvinnuvegaráðuneytis að rýna þennan þátt og eftir atvikum leita samráðs við Félags- og húsnæðismálaráðuneytis.

Stjórnsýsla og útgáfa rekstarleyfa og rannsóknarleyfa

Í II kafla draga frumvarpsins má telja að náð sé utan um stjórnsýslu ríkisins sem þarf til við útgáfu rekstrar og rannsóknarleyfa. Líkt og tilgreint er í greinargerð um tilefni og nauðsyn lagasetningar þá þarf almennt gæta að því að uppbygging nýrrar atvinnugreinar hafi ákveðið svigrúm til uppbyggingar án íþyngjandi stjórnkerfis, en jafnframt að rammi stjórnsýslu sé skýr til framtíðar litið.

Taka má hér lærdóm af setningu laga um Skeldýrarækt þar sem lagarammi þrengdi það mikið að atvinnugreininni að hún hefur ekki náð að byggjast upp og lagaramma fiskeldis sem er mjög íþyngjandi fyrir atvinnugreinina og margþættar ábendingar Ríkisendurskoðanda.

Áréttað er hér þrjú atriði.

- Í 9. gr frumvarpsins er tilgreint að staðfest Áhættumat siglinga liggi fyrir áður en rekstarleyfi er gefið út, sé þess krafist samkvæmt öðrum lögum. Nærtækast er að vísa hér til laga um vitamál 132/1999 og endurkoðun þeirra laga í frumvarpi nú á Alþingi um leiðarmerki og öryggi siglinga mál 98/158. Vakin er athygli á að ákvæði 8. gr þess frumvarps fjallar m.a. um að breytingar á leiðarmerkjum séu á kostnað aðila sem eiga mannvirki eða búnað sem beina þarf siglingum framhjá.
- Við útgáfu einfaldra rannsóknarleyfa samkvæmt III kafla verða umsækjendur og leiðbeining Stofnunar atvinnuveganna að hafa til hliðsjónar að rannssóknarleyfi séu ekki sett niður í skilgreinda siglingaleið (í hvítum ljósgeira vita). Eins að leyfishafar geri sér grein fyrir mögulegum takmörkunum á nýtingu svæða til framtíðar litið og kostnaðarauka ef staðbundin starfsemi komi til með að skerða siglingaleið.
- Vakin er athygli á *Strandsvæðavefsjá* sem haldið er úti samkvæmt 8. gr laga um haf og strandsvæðaskipulag, um útgefin leyfi utan netlaga þ.m.t öll rannsóknarleyfi.

Aðkoma sveitarfélaga

Í greinargerð frumvarpsins er lagt fram það mat að áhrif þess sé heilt yfir óveruleg á stjórnsýslu og fjárhag sveitarfélaga. Þessu er hér með mótmælt og farið á leit við ráðuneytið að við endanlega gerð frumvarpsins verði haft aukið samráð við sveitarfélögin og samtök þeirra. Atriði sem þarf m.a. að hafa til samráðs

- Ræktunarsvæði stórþörunga munu að einhverju marki skara lögsögumörk sveitarfélaga til hafsins (netlög), á yfirborði sem og botnfestingar. Aðkoma sveitarfélaga að leyfisveitingum er því augljós og skýra verkferla þarf á milli ríkis og sveitarfélaga til að auka ekki flækjustig og umfjöllunar tíma.
- Hraða þarf gerð strandsvæðaskipulags við strendur landsins og tryggja þar fjármagn til vinnslu þeirra.
- Stórþörungarækt mun þurfa margþætta þjónustu í höfnum sveitarfélaga. Verulegur óskýrleiki er um heimild til gjaldtöku í þjónustu við sjókvíaeldi þ.e. eldisgjald og hafnarlög sem miðast við hefðbundin sjávarútveg þurfa endurskoðunar við. Sveitarfélög þurfa hafa tryggt að tekjur hafna standi undir byggingu, rekstri, viðhaldi og endurnýjun þeirra. Eins eru hafnir innan sama sveitarfélags eða nágrannasveitarfélaga með mismunandi þjónustuhlutverk. Hér þarf að horfa þar sem stórþörungum er landað annars vegar og svo þjónustuhafna. Þjónustuhafnir bera kostnað af starfseminni en geta í dag ekki innheimt gjöld.
- Taka verður tilliti til sérstöðu Reykhólahrepps þar sem nýting og vinnsla þangs og stórþörunga er lykilatvinnuvegur í meira en hálfa öld og nú aukin áhugi aðila í aðliggjandi sveitarfélögum við Breiðafjörð á nýtingu náttúrulegra (villtra) þörunga. Rammi laga um ræktun stórþörunga verður að taka tillit til sérstöðu Breiðafjarðar og vísa má hér til laga um verndun Breiðafjarðar 94/1995 í þeim efnum og áhuga sveitarfélaganna um gerð strandsvæðaskipulags. Taka verður tilliti til verndun lífríkis m.t.t. erfðablöndunar og einnig þess atvinnurekstrar sem er til staðar og hefur mikil áhrif á afkomu samfélagsins á Reykhólum og landeigendur sjávarjarða.

Vestfjarðastofa og Fjórðungssamband Vestfirðinga áskilur sér síðan rétt til að fjalla um framangreint mál á síðari stigum.

Fh. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri.